

**28. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
þriðjudaginn 9. ágúst 2022, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Yordan Yordanov, Sigurdís Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Raggagarður, stöðuleyfi fyrir gám - 2205004**

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 15. maí 2022 frá Raggagarði þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir gám á lóð Raggagarðs.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs sbr. grein 2.6.1. í byggingarreglugerð.*

*Samþykkt*

**2. Deiliskipulag í Reykjanesi - 2202003**

Tekin fyrir deiliskipulagstillaga af Reykjanesi eftir kynningu á vinnslustigi.  
Eftirfarandi umsagnir bárust:

Ragnheiður Hákonardóttir dags. 19. maí 2022

Rnes dags. 24. maí 2022

Umhverfisstofnun dags 9. júní 2022

Veðurstofa Íslands dags. 14. júní 2022

Náttúrufræðistofnun dags. 13. júní 2022

*Umsagnir lagðar fram til kynningar.*

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur skipulagsfulltrúa að koma umsögnunum til skipulagsráðjafa.*

*Samþykkt*

**3. Leyfi til niðurrifs húsa á Langeyri - 2206002**

Tekinn fyrir tölvupósur frá Einari Val Kristjánssyni fyrir hönd Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. dags. 13 júní 2022 þar sem óskað er eftir leyfi til að rífa hluta húss á Langeyri með möguleika á endurbyggingu síðar.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir niðurrijhluta húss á Langeyri sbr. erindi.*

*Samþykkt*

**4. Þjónustusamningur vegna slökkviliðs - 2206003**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, Braga Þór Thoroddsen dags. 15. júní 2022 þar sem lagður er fram viðauki við þjónustusamning vegna útkalla slökkviliðs í Súðavíkurhreppi.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**5. Gönguleið ofan Raggagarðs - 2206004**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Raggagarði dags. 19. júní 2022 þar sem óskað er eftir að fá að leggja göngustíg ofan við Raggagarð. Meðfylgjandi erindinu er mynd af gönguleiðinni.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila göngustíg ofan við Raggagarð.*

*Samþykkt*

**6. Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum - 2005003**

Tekið fyrir minnisblað Braga Þórs Thoroddsen sveitarstjóra dags. 8. ágúst 2022 er varðar strandssvæðaskipulag Vestfjarða.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**7. Olíutankur við Réttarholt, endurnýjun - 2207001**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Halldóri Magnússyni f.h. Orkubús Vestfjarða dags. 30.06.2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurnýja olíutank við rafstöð við Réttarholt.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**8. Byggingarleyfi fyrir vinnuskúr í Folafæti - 2110006**

Tekið fyrir að nýju erindi frá Birni Oddsyni, dags. 14.07.2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka matshluta 02 um 10 fermetra miðað við fyrra byggingarleyfi.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir byggingu fyrir allt að 50 fermetra vinnuskúr.*

*Samþykkt*

**9. Deiliskipulagsbreyting í Heydal - 2208001**

Tekið fyrir erindi frá Ferðaþjónustunni Heydal, dags. 19. júlí 2022 þar sem óskað er eftir að gera breytingu á deiliskipulagi Heydals.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi í Heydal og málsmeðferð verði í samræmi við 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br*

*Samþykkt*

Yordan víkur af fundi undir þessum lið.

## 10. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030, breyting - 2110005

Tekið fyrir eftir auglýsingu breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030, Iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarbyggð neðan Aðalgötu.  
Ein athugasemd barst, frá Hraðfrystihúsini Gunnvör hf.

*Sveitarstjórn samþykkti þann 13. maí 2022 sl. að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 vegna iðnaðarsvæðis innan Langeyrar og íbúðarbyggðar neðan Aðalgötu.*

*Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að stækka iðnaðarsvæði innan Langeyrar og skapa þannig rými fyrir hráefnisþrær, breyta svæði fyrir þjónustustofnanir neðan Aðalgötu, við Ákabúð í íbúðarbyggð og breyta mörkum verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í Eyrardal og skapa þar með svigrúm fyrir smáhýsi ofan byggðar. Tillagan var auglýst frá 1. júní til og með 14. júlí 2022. Ein athugasemd barst. Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykka skipulagið óbreytt.*

Yordan kemur inn á fundinn.

## 11. Langeyrarvegur 21, umsókn um lóð - 2110008

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Jónþór Eiríkssyni dags. 2.8.2022 þar sem óskað er eftir fresti á að skila inn teikningum af Langeyrarvegi 21. Jafnframt lagður fram tölvupóstur dags. 5.8.2022 er varðar heimild til að setja milliloft í húsið og hækka hámarkshæð mænis um 0,5m.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila frest á að skila inn teikningum til 1. nóvember 2022. Heimilt er að byggja athafnahúsnæði á einni hæð á lóð við Langeyrarveg 21 og hámarkshæð byggingar er 6,0 m. Nefndin samþykkir ekki hækkuð á mænishæð um 0,5m og að húsið verði á tveimur hæðum en bendir umsækjanda á lóðir við Langeyrarveg 15 og 17.*

Samþykkt

## 12. Ósk um umsögn um strandsvæðisskipulag Vestfjarða - 2207002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Hrafinkel Á Proppé sviðstjóra hjá Skipulagsstofnum þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á strandsvæðaskipulagi Vestfjarða.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skipulagsreitir UN14, UN15 og UN16 sem ná frá Vigur inn allan Hestfjörð (UN14), Ögur og Ögurnes (UN15) og Ísafjörður (UN16) eru um 50 ferkílómetrar. Hluta þess svæðis hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að fari á B-hluta náttúrumínjaskrár vegna sela.*

*Án frekari rannsókna finnst nefndinni svæðið allt of stórt. Sem dæmi telur nefndin að leyfa mætti ræktun kræklings, þörungarækt og umhverfisvæna framleiðslu.*

*Pá telur nefndin mikilvægt að auðvelt verði að breyta skipulaginu og að lína sem afmörkuð er utan við Æðey vegna áhættumats erfðablöndunar verði fjarlægð úr skipulaginu svo fljótt sem auðið er verði áhættumati breytt.*

Samþykkt

## 13. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2004002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Helgu Þuriði Magnúsdóttur f.h. skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar dags. 4.7.2022 þar sem kynnt er vinnslutilлага vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, landfylling norðar Skutulsfjarðareyrar.

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar  
09.08.2022

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við vinnslutillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, landfylling norðan Skutulsfjarðareyrar.*

*Samþykkt*

**14. Stöðuleyfi, bílhræ ofl - 2208004**

Rætt um stöðuleyfi fyrir gáma, bílhræ ofl. á lóðum Súðavíkurhrepps.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að hraða uppbyggingu geymslusvæðið í Árdal.*

*Nefndin áréttar að íbúar virði þær reglur sem gilda um geymslu bíla og gáma.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 20:00.

Hulda Gunnarsdóttir  
Hulda Gunnarsdóttir

Valgeir Scott  
Valgeir Scott

Bragi Þór Thoroddsen  
Bragi Þór Thoroddsen

Yordan Yordanov

Sigurdís Samúelsdóttir  
Sigurdís Samúelsdóttir

Jóhann Birkir Helgason  
Jóhann Birkir Helgason